

LÖG

**um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 117/1993
og lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

**Um breytingu á lögum um almannatryggingar,
nr. 117/1993, með síðari breytingum.**

1. gr.

Við 41. gr. laganna bætist ný málsgrein er verður 1. mgr. og orðast svo:

Tryggingastofnun ríkisins ber að leita bestu mögulegra kjara, að teknu tilliti til gæða, á þeim vörum og þjónustu sem hún greiðir eða tekur þátt í að greiða samkvæmt lögum þessum.

II. KAFLI

Um breytingu á lyfjalögum, nr. 93/1994, með síðari breytingum.

2. gr.

Við 3. mgr. 40. gr. laganna bætist nýr málslíður er verður 5. málsl. og orðast svo: Þegar fjallað er um athugasemdir Tryggingastofnunar ríkisins um lyfjaverð tekur fulltrúi Tryggingastofnunarinnar sæti í nefndinni.

III. KAFLI

Gildistaka.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1997.

Gjört á Bessastöðum, 27. desember 1996.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um veitingu ríkisborgararéttar.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisborgarétt skulu öðlast:

1. Akbachev, Valeri Abokhaevich, verkfræðingur í Kópavogi, f. 6. júní 1958 í Sovétríkjunum.
2. Alvarez, Alba Lucia, húsmóðir í Reykjanesbæ, f. 1. desember 1952 í Kólumbíu.
3. Anton Carrasco, nemi á Akureyri, f. 10. janúar 1980 á Akureyri.